

Þingflokksfundur Pírata, miðvikudaginn 25. janúar 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Ingiberg Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Viktor Orri Valgarðsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (kl. 14) og Jón Þórisson. Berglind ritar fundargerð.

Nr. 4/2017

1. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag.

2. Bréf úr nefndum

Jón Þór gerði grein fyrir því sem fram fór á fundi forsætisnefndar. Smári, Einar, Halldóra og Björn Leví greindu frá nefndafundum sem þau sátu í morgun.

3. Þingmál Pírata og annarra

Rædd voru þingmál og greint var frá þingmálum í vinnslu. Þingmál annara flokka og meðflutningur voru rædd. Berglind athugar ósvaraðar fyrirspurnir frá síðasta kjörtímabili.

4. Kosning í nefndir og ráð

Birgitta gerði grein fyrir fyrirhuguðum kosningum í nefndir og ráð. Lagt var til að setja fréttatilkynningu þess efnis á vefsíðuna og var Jóni Þórisssyni falin framkvæmd verkefnisins. Einar gaf kost á sér í Þingvallanefnd sem aðalmaður og Birgitta sem varamaður, og voru þau kjörin samhljóða. Berglind sendir tilkynningu þess efnis.

5. Allsherjarþingið o.fl.

Birgitta gerði grein fyrir málinu sem var stuttlega rætt.

6. Skipun tveggja þingmanna í Þjóðaröryggisráð

Tillaga um að tilnefna Smára McCarthy var samþykkt samhljóða. Smári sendir póst á Birgittu sem fer með framkvæmd málsins.

7. Kvótaflóttafólk

Dagskrárlið frestað.

8. Starfsmannamál

Jón Þórisson vék af fundi. Starfsmannamál voru rædd og gerði Ásta Guðrún grein fyrir stöðu mála.

9. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitð kl. 14.39.